

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Styrktarsjóð Vigdísar Finnbogadóttur sem staðfest var
29. janúar 2003, nr. 96.

Stjórn Styrktarsjóðs Vigdísar Finnbogadóttir hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

1. málslíður 3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Aðilar sem gerast sérstakir styrktaraðilar sjóðsins fram til 15. apríl 2006, teljist gagnvart sjóðnum einnig til stofnenda hans.

Breyting þessi öðlist gildi við birtingu.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Vigdísar Finnbogadóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.